

## Tillaga til þingsályktunar

um Alexandersflugvöll sem varaflugvöll fyrir Keflavíkur-,  
Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli.

Flm.: Bjarni Jónsson, Bergþór Ólason.

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra að láta gera ítarlega athugun á kostum þess að gera Alexandersflugvöll á Sauðárkróki að varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll, Reykjavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll. Ráðherra kynni Alþingi niðurstöður könnunarinnar eigi síðar en 30. apríl 2023.

### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga svipaðs efnis var lögð fram á 144. löggjafarþingi (527. mál), á 150. þingi (130. mál) og 151. þingi (126. mál) og síðast á 152. þingi (720. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Í umsögnum um málið á fyrrí þingum hefur verið bent á heppilega landfræðilega legu Alexandersflugvallar með tilliti til jarðhræringa og/eða eldgosa sem hamlað geta flugsamgöngum. Þessi sjónarmið eru trúnduð í þessari greinargerð en vert er að benda á breyttar aðstæður í kjölfar tíðra eldgosa á Reykjanesskaga síðan þær umsagnir lágu fyrir.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja búa við það að í næsta nágrenni eru virk eldfjallasvæði eins og Bláfjöll og Krísuvík. Jarðskjálftar eru tíðir á þeim slóðum sem kallar enn og aftur á vangaveltur um stöðu samgangna til og frá höfuðborgarsvæðinu sem og til og frá landinu. Það kann því að vera mikilvægur öryggisþáttur fyrir landsmenn og gesti landsins að öryggi þeirra til samgangna sé tryggt enn frekar. Þegar gaus í Eyjafjallajökli var Akureyrarflugvöllur eini flugvöllurinn sem nýttist og mikilvægi hans sannaðist að sama skapi. Milli Sauðárkróks og Akureyrar er vegalengdin aðeins um 120 km. Milli Sauðárkróks og Reykjavíkur eru um 295 km. Milli Akureyrar og Reykjavíkur eru um 390 km, milli Reykjavíkur og Egilsstaða um 650 km og milli Akureyrar og Egilsstaða um 265 km. Augljóst er að töluberðu munar á vegalengdum og ferðatíma á milli Egilsstaða og Reykjavíkur annars vegar og Sauðárkróks og Reykjavíkur hins vegar. Akureyrarflugvöllur er mikilvægur fyrir allt Norðurland, ekki síst vegna aukins farþegaflugs innan lands og til útlanda, og Egilsstaðaflugvöllur er að sama skapi mikilvægur fyrir Austurland. Þá gegnir flugvöllurinn á Akureyri lykilhlutverki vegna sjúkraflugs. Af fýsilegum flugvöllum er því styrt frá Alexandersflugvelli á höfuðborgarsvæðið.

Alexandersflugvöllur er vel staðsettur þar sem aðflug er gott, fjörðurinn víður og lítið um hindranir. Flugvöllurinn vísar í norður og suður, sem eru einnig ríkjandi vindáttir á þeim slóðum, og þá er staðsetning vallarins hagstæð með tilliti til snjóá. Í gögnum frá Vegagerðinni frá árinu 2019 kemur fram að þjóðvegurinn frá Sauðárkróki til Reykjavíkur hafi aðeins verið lokaður í 0,7 daga á ári frá árinu 2011 en á sama tíma hafi þjóðvegurinn frá Egilstöðum til Reykjavíkur lokast í 2,5 daga á ári á syðri leiðinni en 9,7 daga ef norðurleið var farin. Einnig er vakin athygli á því að frá Sauðárkróki til Reykjavíkur og til Akureyrar sem

og til Egilsstaða eru fleiri en ein leið og því er möguleiki á varaleið ef þjóðvegur 1 lokast. Því er ljóst að staðsetning vallarins er góð þegar litíð er til færðar og samgangna á landi.

Öryggi samgangna þarf að tryggja með sem bestum hætti, hvort sem um er að ræða samgöngur á jörðu, sjó eða í lofti. Nú eru fjórir meginflugvellir á Íslandi, Reykjavíkurflugvöllur, Keflavíkurflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur og Akureyrarflugvöllur. Þessir flugvellir gegna allir mikilvægu hlutverki í samgöngum innan lands og milli landa sem farþega- og vöruflutningavellir og sem öryggistæki. Einsýnt er að verulegur ávinningur gæti verið að því að byggja Alexandersflugvöll upp sem varaflugvöll fyrir Reykjavík og Keflavík. Þá er augljóst að slíkur flugvöllur mun þjóna Akureyri og Egilsstöðum vel sem varaflugvöllur og tryggja og treysta þá mikilvægu starfsemi sem þar er rekin í sambandi við ferðapjónustu og flug almennt. Í ljósi þessa er því beint til ráðherra að ráðast í nauðsynlega undirbúningsvinnu og rannsóknir til að hægt sé að hrinda þessum hugmyndum í framkvæmd og er lagt til að ráðherra láti kanna kosti þess að gera Alexandersflugvöll á Sauðárkróki að varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll, Reykjavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll. Ráðherra kynni Alþingi niðurstöður þeirrar könnunar eigi síðar en 30. apríl 2023.